



Blaðsíða 3

**Bjarg byggir á
Húsavík**

Blaðsíða 8

**Ósk gerð að
heiðursféлага**

Blaðsíða 9

**Fjölmenni á
samstöðufundi**



Forsíða

Þessar ungu konur létu sig ég ekki vanta á samstöðu-fundinn sem stéttarfélagin stóðu fyrir á Húsavík 24. október. Þetta eru þær, Viktoría Ósk Eydal Ingimarsdóttir og Karolina Natasza Wojtal.

ÚTGEFENDUR

Pingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 13. nóvember 2023

UPPLAG

1700

PRENTUN

Héraðsprent



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Forsvarsmenn Lsj. Stapa litu við

Stjórn Lsj. Stapa og lykilstarfsfólk sátu tveggja daga stefnumótunarfund á Húsavík í byrjun nóvember. Þau gerðu sér ferð á Skrifstofu stéttarfélaganna þar sem þau fengu kynningu á starfsemi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Á meðfylgjandi mynd má sjá gestina ásamt formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna, sem fór yfir fjölbreytta starfsemi félaganna auk þess að sýna þeim skrifstofuhúsnæði aðildarféлага Skrifstofu stéttarfélaganna.



Kjaramál til umræðu á vinnufundi SA

Forsvarsmenn og starfsmenn Samtaka atvinnulífsins hafa verið á ferðinni um landið síðustu vikurnar og héldu samtökin fund á Akureyri fyrir Norðurland. Tilgangurinn hefur verið að funda með atvinnurekendum og heimamönnum um komandi kjaraviðræður og stöðuna almennt í þjóðfélaginu. Á vef sambandsins kemur fram að opnu vinnufundirnir hafi verið vel sóttir og mikill samhljómur verið meðal gesta um þær áskoranir sem framundan eru og leiðirnar fram á við. Einhugur sé um að aðilar vinnumarkaðarins semji til langs tíma og innan svigrúms með það að markmiði að verja kaupmátt. Þá telji fólk almennt mikilvægt að hið opinbera leiði ekki launapróun eða setji atvinnulífinu of þröngar skorður með íþyngjandi regluverki. Enn fremur hafa þátttakendur á fundunum sem flestir koma úr atvinnulífinu talið mikilvægt að almenningur og einstakir atvinnurekendur stuðli að upplýstri umræðu um samhengi launabreytinga og verðbólgu og að fræðsla um kaup, kjör og réttindi launafólks verði aukin. Formanni Framsýnar var boðið að taka þátt í fundinum á Akureyri ásamt samstarfsmanni, Aðalsteini J. Halldórssyni. Að þeirra sögn var fundurinn mjög áhugaverður og gott innlegg inn kjaraviðræðurnar sem eru framundan enda kjarasamningar á almenna vinnumarkaðinum lausir í lok janúar 2024.



Ef eitthvað er að marka þessa mynd sem er af talsmönnum SA og Framsýnar, þeim Eyjólf Árna formanni og Sigríði Margræti framkvæmdastjóra auk Aðalsteins Árna formanni Framsýnar eiga kjaraviðræðurnar eftir að ganga vel í vetur. Hér eru þau fyrir framan lágmyndina sem nefnist; „**Samvinna til sjávar og sveita**“ og tákna samvinnu alþýðumanna.

Bjarg byggir 6 íbúða raðhús á Húsavík

HMS og Norðurþing hafa samþykkt umsókn Bjargs íbúðafélags um stofnframlag vegna byggingu íbúða á Húsavík sem er afar ánægjulegt. Lóðinni Lyngholti 42-52 hefur verið úthlutað til verkefnisins og er þar gert ráð fyrir sex íbúðum samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Bjarg mun á næstu vikum óska eftir samstarfsaðilum vegna uppbyggingarinnar.

Bjarg er húsnaðissjálfs eignastofnun rekin án hagnaðar-markmiða. Félagið var stofnað í september 2016 af Alpýðusamband Íslands og BRSB og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði. Félagið hefur byggt rúmlega 1000 íbúðir á sl. 5 árum. Flestar íbúðirnar eru á höfuðborgarsvæðinu.

Framsýn, Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur eiga aðild að Bjargi í gegnum ASÍ og BSRB. Framsýn hefur lengi barist fyrir því að Bjarg kæmi að því að byggja upp húsnæði á Húsavík fyrir tekjulágur fjölskyldur. Þess vegna ekki síst ber að fagna samstarfi aðila, HMS, Norðurþings, stéttarfélaganna og Bjargs að nú sé í burðarliðnum að byggja sex íbúða raðhús á Húsavík.



Lóðin í Lyngholti er klár undir sex íbúða raðhús.

We will not tolerate collective agreement violations

Unfortunately there has been an increase of collective agreement violations in the area of the unions in Þingeyjarsýslur, particularly in tourism.

If one believes one is being violated please contact the unions office in Húsavík. It is also possible to call 4646600 or email kuti@framsyn.is. It will never be tolerated for employers to brake workers rights.



Minnisbækur og dagatöl

Félagsmönnum stendur til boða að fá minnisbækur og dagatöl hjá stéttarfélagunum þegar líður að jólum. Reiknað er með að bækurnar og dagatölin verði klár á Skrifstofu stéttarfélaganna um 10. desember.



Verslum í heimabyggð

Við höldum verslun og þjónustu með því að versla í heimabyggð.

Stéttarfélagin



STARFSMANNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Hér er ekki töluð vitleysan, Sigurjón Sigurðsson og Einar Halldór Einarsson taka stöðuna í miðbæ Húsavíkur.

ASÍ ályktar um stöðuna í Palestínu

Framsýn stéttarfélag tekur heilshugar undir ályktun Alþýðusambands Íslands er varðar dráp á almennum borgurum í Ísrael og Palestínu, ekki síst börnum.

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að sitja hjá í atkvæðagreiðslu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé í Ísrael og Palestínu. Með þessari ákvörðun hafa þau stillt Íslandi upp með þeim ríkjum sem heimila ísraelskum stjórnvöldum að hafa alþjóðalög að engu í hernaðaraðgerðum sínum, stunda þjóðernishreinsanir, drepa almenna borgara, hrekja þá frá heimilum sínum og svipta þá lífsnauðsynjum. Ákvörðunin samræmist ekki stefnu Íslands um að viðurkenna og virða sjálfstæði Palestínu.

Miðstjórn tekur undir með ályktunum alþjóða verkalyðssambandsins (ITUC) frá 9. og 20. október sl. þar sem kallað er eftir tafarlausu vopnahléi og fordæmir hryðjuverk Hamas-samtakanna gegn almennum borgurum og hefndaraðgerðir Ísraels sem hafa leitt til fjöldamorða og flokkast undir stríðsglæpi. Sprengjuárásir Ísraelshers á Gaza hafa nú staðið linnulaust í tæpar fjórar vikur. Í skugga þeirra hafa Ísraelar auk þess veitt landtökumönnum, sem eru studdir af her og lögreglu, leyfi til að hrekja Palestínumenn af landi sínu og heimilum á Vesturbakkanum. Hér fer fram fullvalda ríki með einn öflugasta her heims gegn íbúum lands sem hefur búið við hernám þess sama ríkis í áratugi. Hjálparsamtök eiga í miklum erfiðleikum með að koma nauðsynjavörum til fólks og alvarlegur skortur er á vatni, mat og lyfjum. Almennir borgarar geta ekkert farið og yfir þrjú þúsund og fimm hundruð börn hafa látið lífið í átökunum.

Vopnahlé er eina leiðin til þess að bregðast við þessu ástandi – og það er skylda ríkja heims að þvinga Ísrael að samningaborðinu áður en það er um seinan. Þess í stað hafa sum valdamestu ríki heims réttlætt aðgerðir Ísraels undir þeim formerkjum að þeir eigi rétt á því að verja sig. En sá réttur veitir engum leyfi til að brjóta alþjóðalög og skeyta engu um mannfall almennra borgara. Með afstöðuleysi sínu hafa íslensk stjórnvöld veitt ofbeldisverkum blessun sína. Svonefnt „mannúðarhlé“ sem stjórnvöld hafa gert að lykilatriði í málflutningi sínum er pólitískt fegrunaryrði sem er til þess eins fallið að gera skammvinnt hlé á hernaðaraðgerðum í þeim tilgangi að koma nauðsynjum til fólks. Með því er ekki verið að krefjast vopnahlés og að árásum á almenna borgara linni. Með viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu skipaði Ísland sér í hóp þeirra ríkja sem vilja vekja athygli á því óréttlæti sem íbúar Palestínu hafa mátt búa við í meira en hálfa öld: hernámi Ísraels, daglegu ofbeldi, skertu ferðafrelsi og aðskilnaðarstefnu. ASÍ krefst þess að íslensk stjórnvöld fylgi eigin stefnu og beiti sér af fullum þunga fyrir tafarlausu vopnahléi og endalokum hernáms Ísraels í Palestínu.“



Breytingar á starfsmannahaldi

Kristján Ingi Jónsson hefur látið af störfum hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum og var síðasti starfsdagur hans í lok nóvember. Aðalsteinn J. Halldórsson hefur verið ráðinn í hans stað. Um leið og við þökkum Kristjáni Inga fyrir frábær störf í þágu stéttarfélaganna er Aðalsteinn J. Halldórsson boðinn velkomin til starfa.



Formaður Framsýnar gestur á fjölmennum fundi

Verkalýðsmálaráð Samfylkingarinnar boðaði til fundar á Akureyri um atvinnu- og samgöngumál. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson, var einn af þremur frummælendum á fundinum sem fór vel fram en hann var haldinn í aðdraganda flokksstjórnarfundis Samfylkingarinnar á Akureyri 14. október. Fullt var út úr dyrum. Eftir framsögurnar var boðið upp á pallborðsumræður. Góðar umræður sköpuðust um málefni fundarins. Hægt er að nálgast ræðu formanns Framsýnar inn á heimasíðu stéttarfélaganna en hann er reglulega gestur á fundum, þingum og málþingum um byggða-, atvinnu og verkalýðsmál.



Kristrún Frostadóttir og formaður Framsýnar tóku tal saman um umræðuefni fundarins og önnur byggða- og atvinnumál.

Við leitum eftir þínum kröfum

Þann 31. janúar 2024 verða kjarasamningar Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins lausir sem Framsýn stéttarfélag á aðild að. Það á jafnframt við um sérkjarasamninga s.s. við PCC á Bakka og hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík. Nokkru síðar á komandi ári verða kjarasamningar félagsins við sveitarfélögin og ríkið einnig lausir. Hér með er skorað á félagsmenn að skila inn sínum kröfum fyrir 1. desember á netfangið kuti@framsyn.is svo hægt verði að taka tillit til þeirra í endanlegri kröfugerð Framsýnar.



Stuðningur við baráttu eldri borgara og öryrkja

Framsýn stéttarfélag er meðal þeirra aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands sem standa að ályktun um mállefni eldri borgara. Þar er lýst yfir fullum stuðningi við þá kröfu Landssambands eldri borgara að grunnlífeyrir frá TR verði sambærilegur lægsta taxta SGS. Enn fremur lýsir sambandið yfir fullum stuðningi við þá kröfu að frítækjumark vegna lífeyristekna verði hækkað verulega en frítækjumarkið hefur verið óbreytt í sex ár. Starfsgreinasambandið skorar á heildarsamtök launafólks að standa þétt við bakið á sínum gömlu félagsmönnum í þeirra baráttu. Málefni eldri borgara verði tekin til greina í komandi kjarasamningaviðræðum við ríkisvaldið. Framsýn mun fylgja því eftir að svo verði.



Við líðum ekki kjarasamningsbrot

Því miður hefur alvarlegum kjarasamningsbrotum á vinnu- markaði farið fjölgandi á félagssvæði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, sérstaklega í ferðapjónustu. Við beinum þeim tilmælum til þeirra sem telja á sér brotið að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Einnig er hægt að hringja í símanúmerið 4646600 og/eða senda póst á netfangið kuti@framsyn.is. Það verður aldrei liðið að atvinnurekendur komist upp með að brjóta á réttindum vinnandi fólks.

Hvað verður um Fréttabréfið?

Þann 1. janúar 2024 hættir Pósturinn alfarið að dreifa fjölpósti. Fjölddreifingu var hætt á suðvesturhorni landsins árið 2020 en fjölpósti var hins vegar áfram dreift á landsbyggðinni, einkum þar sem ekki var kostur á öðrum dreifingaraðila. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að hætta einnig þessari dreifingu. Fréttabréf stéttarfélaganna fellur undir skilgreininguna sem fjölpóstur í dreifingu. Því er ekki vitað í dag hvað verður um frekari útgáfu á Fréttabréfinu eftir áramótin sem gegnir mikilvægu hlutverki sem upplýsingamiðill fyrir félagsmenn.



Samstöðufundur á Raufarhöfn

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum stóðu samtímis fyrir samstöðufundum á Húsavík og Raufarhöfn í tilefni kvennaverkfallsins þann 24. október. Á Raufarhöfn var fundurinn haldinn í Hnitbjörgum og var hann vel sóttur. Þar mættu konur frá Raufarhöfn og nágrenni, allt frá Kópaskeri og austur í Þistilfjörð. Allar tóku viðstaddar til máls á einn eða annan hátt og sköpuðust góðar umræður.



Kody na loty tylko do dyspozyji naszych członków

Przypominamy, że zniżkowe kody na loty liniami
Ernir miedzy Husavikiem a Reykjavikiem są
dostępne wyłącznie dla naszych członków.
Zabronione jest używanie kodów dla innych osób
niż członkowie związków.

We are looking for your claims

The collective agreements of the Federation of General and Special workers in Iceland (SGS) and Samtök atvinnulífsins, were Framsýn is a member, will run their course on the 31st of January 2024. The same applies to other special collective agreements Framsýn has made, for example about jobs in PCC BakkiSilicon and whale watching jobs in Húsavík. Later on in 2024 the collective agreements between Framsýn and the municipalities and also between Framsýn and the Icelandic state will run their course. We challenge our members to turn their claims in to Framsýn before 10th of December so they can be taken into consideration when Framsýn puts forth the unions claims later that same month.

Framsýn union



Samstaða á þingi SGS

Níunda þing Starfsgreinasambands Íslands var haldið í Reykjavík í lok október. Umræður um kjaramál voru áberandi á þinginu enda annasamur kjarasamningavetur framundan. Greina mátti mikinn baráttuanda meðal þingfulltrúa og ljóst að Starfsgreinasambandið fer sameinað og tilbúið í komandi viðræður. Þess má geta að SGS fer með umboð allra 18 aðildarfélaga sinna í viðræðunum um nýja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, þar á meðal Framsýnar stéttarfélags. Framsýn átti rétt á 8 fulltrúum sem stóðu sig afar vel og tóku virkan þátt í þeim málefnaþópum sem voru starfandi á þinginu. Samþykktar voru sex ályktanir; um kjaramál, byggðamál, heilbrigðismál, húsnaðismál og lífeyrismál. Jafnframt samþykkti þingið ályktun um stuðning við réttindabaráttu eldri borgara og öryrkja. Þá var starfsáætlun til tveggja ára samþykkt sem og breytingar á lögum og þingsköpum sambandsins. Allar ályktanir og afgreidd mál þingsins má nálgast á heimasíðu Framsýnar.

Vilhjálmur Birgisson frá Verkalýðsfélagi Akraness og Signý Jóhannesdóttir frá Stéttarfélagi Vesturlands voru í framboði til formanns SGS. Atkvæðagreiðsla fór fram um kjörið, Vilhjálmur Birgisson hlaut 81,1% atkvæða og Signý Jóhannesdóttir hlaut 18,9% atkvæða. Vilhjálmur var því endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára með miklum yfirburðum. Þá hlaut formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, endurkjör í framkvæmdastjórn sambandsins en hann fékk ekki mótframboð.



Fulltrúar Framsýnar á þingi SGS sem fram fór í Reykjavík í október.

Flugkóðar til einkanota

Flugkóðar á vegum stéttarfélaganna með flugfélaginu Erni, milli Húsavíkur og Reykjavíkur, eru einungis í boði fyrir félagsmenn enda niðurgreiddir af félögunum. Óheimilt er með öllu að nýta þá fyrir aðra en félagsmenn.



STARFSMAFFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Gjöf sem gleður – Húsavíkurbréfin vinsæl

Húsavíkurstofa hefur unnið markvisst að því undanfarin ár að kynna og efla sölu Húsavíkurgjafabréfa. Á síðasta ári gekk sala bréfanna með ágætum en verslun í heimabyggð skiptir gríðarlega miklu máli fyrir alla hagaðila. Nýting bréfanna er góð og ánægjulegt að fleiri og fjölbreyttari verslunar- og þjónustuaðilar hafa verið að leysa til sín bréfin. Vegna þessa og óformlegra rannsókna og umtals í samfélaginu má ætla að ánægja sé með bréfin í samfélaginu. Húsavíkurstofa stefnir ótrauð áfram áformum sínum og áætla að halda þessari góðu þróun áfram.

Um leið og Húsavíkurstofa minnir á Húsavíkurgjafabréfin nú í aðdraganda aðal söluþíð bréfanna vill hún færa samfélaginu þakkið fyrir þeirra hlut í velgengni þeirra. Við hvetjum fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök sem og einstaklinga til að nýta sér Húsavíkurgjafabréfin til gjafa og styðja þannig við verslun og þjónustu í heimabyggð.

Eins og áður í góðu samstarfi við Sparisjóð S-Þingeyinga er hægt að kaupa bréfin í bankaútibúi sparisjóðsins á Húsavík.

Húsavíkurstofa



STH fagnar 60 ára afmæli

Starfsmannafélag Húsavíkur fagnaði nýlega 60 ára afmæli félagsins en það var stofnað 26. október 1963. Fyrsti forsvarsmaður félagsins var Páll Kristjánsson. Um 140 félagsmenn eru í félaginu. Félagið er stéttarfélag starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem nær yfir sveitarfélög í Þingeyjarsýslum. Félagið nær einnig til starfsmanna sjálfsseignarstofnanna, sem eru að meirihluta í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og vinna í almannapágu. Félagið er aðili að BSRB. Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna með því meðal annars að vera í fyrirsvari um kjarasamninga félaga sinna samkvæmt lögum og reglugerðum um kjarasamninga. Starfsmannafélag Húsavíkur er aðili að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Núverandi formaður félagsins er Hermína Hreiðarsdóttir. Félagið mun að sjálfsögðu halda upp á þennan merka áfanga með gjöfum til félagsmanna en flestir þeirra hafa þegar fengið ferðatöskur að gjöf. Þá verður farið í afmælisferð til Siglufjarðar 25. nóvember. Fjölmarginir félagsmenn eru skráðir í afmælisferðina.



Czekamy na twoje podpowiedzi

Z dniem 31-go stycznia przedawniają się umowy zbiorowe dla Federacji Pracowników (Starfsgreinasambands Íslands) oraz dla Samtaka atvinnulífsins do których przynależy Framsýn. To samo dotyczy umów specjalistycznych takich jak umowy PCC Bakki oraz umowy dla pracowników statków pasażerskich w transporcie turystycznym.

W kolejnych miesiącach następnego roku będą również ponownie negocjowane umowy dotyczące pracowników gminnych i państwowych.

Apelujemy do wszystkich naszych członków, aby do 10-go grudnia przedstawili nam swoje pomysły do poprawek wyżej wymienionych umów, abyśmy mogli je wziąć pod uwagę w grudniu, kiedy to Framsýn wystąpi ze swoimi żądaniami.



Orlofsíbúðir fyrir félagsmenn

Rétt er að ítreka að orlofsíbúðir á vegum stéttarfélaganna eru ætluð félagsmönnum og fjölskyldum þeirra. Stranglega er bannað að framleggja þær áfram til annara aðila.



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Ósk sæmd gullmerki Framsýnar



Sigurveig, Guðný og Jakob hafa lengi starfað með Ósk að verkalyðsmálum. Hér eru þau ásamt henni við heiðrunina.

Þann 13. október var samkoma til heiðurs varaformanni Framsýnar, Ósk Helgadóttur. Tilfnið var að sæma hana gullmerki Framsýnar sem er æðsta viðurkenning félagsins fyrir vel unninn störf í þágu félagsmanna og þar með samfélagsins alls í Þingeyjarsýslum. Þess má geta að Ósk fagnaði nýlega sínu 60 ára afmæli. Stjórn Framsýnar var sammála um að veita varaformanni þessa æðstu viðurkenningu félagsins enda hefur hún unnið hreint út sagt frábært starf í þágu félagsins til fjölda ára. Athöfnin fór fram í fundarsal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 að viðstöddum stjórn félagsins, trúnaðarráði, stjórn Framsýnar-ung, formönnum STH og Þingiðnar auk starfsmanna stéttarfélaganna. Í tilefni dagsins var boðið upp á hátíðardagskrá og kvöldverð auk þess sem formaður félagsins, Aðalsteinn Árni Baldursson, flutti ávarp þar sem hann þakkaði varaformanni sérstaklega fyrir framlag hennar í þágu félagsmanna um leið og hann óskaði henni til hamingju með að bætast í hóp þeirra forystumanna innan félagsins sem hefðu skarað fram úr í gegnum tíðina. Ávarpið er svohljóðandi:

Ávarp

„Stjórn Framsýnar stéttarfélags hefur samþykkt að sæma Ósk Helgadóttur gullmerki félagsins fyrir vel unnin störf í þágu félagsmanna og þar með samfélagsins alls í Þingeyjarsýslum.

Frá árinu 1996 hafa eftirtaldir félagsmenn hlotið þessa æðstu viðurkenningu fyrir störf þeirra í þágu Verkalýðsfélags Húsavíkur eða Framsýnar, stéttarfélags sem formenn eða varaformenn; Helgi Bjarnason, Kristján Ásgeirsson og Kristbjörg Sigurðardóttir.

Ósk Helgadóttir bættist nú í þennan merka hóp sem

komið hefur að því að marka sporin fyrir framgöngu verkalýðsbaráttu í Þingeyjarsýslum. Samkvæmt 6-lið 10. greinar félagslaga Framsýnar er stjórn félagsins heimilt á hverjum tíma að velja heiðursfélag og sæma þá gullmerki félagsins. Heiðursfélagi er sæmdarheiti sem er æðsta viðurkenning félagsins og þeim einum hlotnast er lagt hafa sérstaklega mikið af mörkum til eflingar féluginu, félagsmönnum til hagsbóta. Það er alveg ljóst að Ósk er vel að því komin að vera heiðruð með þessum hætti. Hún hefur lengi komið að stjórnunarstörfum fyrir félagið, það er sem fulltrúi í trúnaðarráði og trúnaðarmaður starfsmanna innan Framsýnar við Stórutjarnaskóla. Þá hefur hún verið varaformaður félagsins frá árinu 2014 auk þess að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir verkalýðshreyfinguna. Hvað það varðar má geta þess að hún var um tíma formaður Alþýðusambands Norðurlands. Ósk hefur notið mikillar virðingar fyrir störf sín í þágu Framsýnar og alltaf verið reiðubúin að vinna þá vinnu sem þurft hefur að skila í þágu félagsmanna á hverjum tíma. Það er nánast á öllum tímum sólarhringsins. Svo virðist sem fleiri klukkutímar séu í hennar sólarhring en hjá öðru venjulegu fólki. Eftirfarandi málsgrein er að finna í blaðinu Verkamanninum frá árinu 1961 þegar málefni Verkamannafélags Húsavíkur voru til umfjöllunar, nú Framsýnar stéttarfélags: „Félagið hefur jafnan haft á að skipa hæfum og góðum mönnum til forystustarfa. Þeir hafa borið merki félagsins hátt en þó með gætni og því hefur vel farið.“ Tilvitnun lýkur. Að mínu mati á innihald þessarar setningar ekki síður við í dag þegar vikið er að störfum okkar ágæta varaformanns í þágu Framsýnar stéttarfélags. Starf stéttarfélaga hefur breyst verulega í gegnum áratugina. Rauði þráðurinn er þó sá sami og stofnað var

til í upphafi, það er velferð félagsmanna. Í dag stöndum við ekki og bræðum mör til að selja félagsmönnum á hagstæðu verði eins og stjórnarmenn í Verkamannafélagi Húsavíkur gerðu árið 1915. Þá keypti félagið mör fyrir 200 krónur, bræddi hann og seldi félagsmönnum tólg. Félagið útvegaði félagsmönnum einnig hey, skóleður, kartöflur, kol, smjörlíki og niðursoðna mjólk svo eitthvað sé nefnt. Á þessum árum réðst Verkamannafélagið einnig í svarðartekju og skógarhögg í þágu félagsmanna þegar erfiðast var um eldivið. Í dag erum við ekki að takast á við verkefni sem þessi. Verkefnin eru til staðar en í öðru formi. Með árunum höfum við byggt upp öflugt starf sem byggir á sterkri liðsheid félagsmanna, aðgengi þeirra að sterkum sjóðum í veikindum, orlofsíbúðum, starfsmenntasjóðum, verðlagseftirliti, vinnustaðaeftirliti, samningagerð og almennri þjónustu s.s. fræðslu og lögfræðipjónustu. Kjarabótina má sækja víðar eins og dæmin sanna. Hvað það varðar er vel við hæfi að nefna aðgengi félagsmanna að sérstökum afsláttarkjörum á flugfargjöldum milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Í dag seljum við ekki tólg, við seljum flugkóða. Ósk Helgadóttir hefur komið að því með öflugum fólki innan Framsýnar að móta félagið til framtíðar. Þá hefur henni ekki síður verið umhugað um félagsmenn sem hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs eða örorku. Hvað það varðar, hafði hún frumkvæði að því að Framsýn héldi starfslokanámskeið síðasta vetur sem tókust afar vel og mikill sómi er af. Þá er hún um þessar mundir að skipuleggja samkomu á Húsavík vegna kvennafrídagsins 24. október sem var fyrst haldinn árið 1975 þegar um 90% kvenna á Íslandi lögðu niður störf til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags þeirra fyrir samfélagið. Sem sagt, Ósk stendur ávallt vaktina með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi hvort heldur þeir eru á vinnumarkaði eða við það að setjast í helgan steinn. Þetta er ein af ástæðum þess að Framsýn stéttarfélag er eitt öflugasta stéttarfélag landsins, það er þegar einstaklingar eins og Ósk leggja allt sitt af mörkum til að berjast fyrir jöfnuði, félagshyggju og réttlátara þjóðfélagi í þágu allra, ekki bara fárra útvaldara. Ósk Helgadóttir hafðu kærar þakkir fyrir framlag þitt í þágu félagsmanna Framsýnar stéttarfélags. Vonandi fá fáum við að njóta þinna krafta um ókomna tíð þeim og félaginu til heilla. Takk fyrir allt."

Fjölmenni á samstöðufundi á Húsavík

Tæplega 300 konur voru samankomnar á samstöðufundi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum sem fram fór í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík, það er Framsýnar, STH og Þingiðnar. Félögin stóðu einnig fyrir samstöðufundi á Raufarhöfn þar sem konur komu saman frá Raufarhöfn, Þórshöfn, Kópaskeri og úr nærliggjandi sveitum. Hátíðin var haldin í Félagsheimilinu Hnitbjörgum og fór vel fram. Fjallað er um fundinn undir annarri frétt í blaðinu. Á samstöðufundinum á Húsavík voru fluttar ræður, ávörp, sungið, sagðar sögur og lesin ljóð. Þá var boðið upp á kaffi, kleinur og lagtertú. Ósk Helgadóttir var aðalræðumaður dagsins. Christin Irma Schröder flutti kröftugt ávarp sem og Rannveig Benediktsdóttir sem fór yfir mikilvægi dagsins enda lengi barist fyrir jafnrétti og jöfnuði í þjóðfélaginu. Þá flutti Hermína Hreiðarsdóttir táknrænt ljóð og Guðný I. Grímsdóttir lagði fundinum til smá sögu úr baráttunni. Meðfylgjandi myndir segja allt sem segja þarf um stemninguna sem var meiriháttar enda fundarsalurinn og allt húsnæði stéttarfélaganna fullt af baráttuglöðum konum á öllum aldri auk þess sem setið og staðið var utanhúss enda fullt út úr dyrum. Full ástæða er til að þakka öllum þeim sem lögðu leið sína á samstöðufundinn fyrir komuna. Samstaðan, skiptir miklu máli fyrir öll kyn. Beðist er velvirðingar á því að ræðurnar voru ekki þýddar yfir á önnur tungumál.



Podziękowania

Związki zawodowe dziękują wszystkim kobietom, które wzięły udział w strajku kobiet 24-go października, za tak liczne przybycie na nasze spotkanie w Húsavíku. Chcieliśmy oficjalnie przeprosić, że przemówienia wygłaszane podczas tego dnia nie były tłumaczone. Oczywiście będziemy starali się polepszyć kwestię tłumaczeń podczas następnego zebrania związanego ze strajkiem kobiet.

Thanks

The unions would like to thank all who participated in the Women's day off on the 24th of October for attending the solidarity meeting in Húsavík. We would like to apologize for the fact that on the day the speeches were not translated. We will keep that in mind when organizing the next event related to the Women's day off.

„Í auglýsýn er nú frelsið og fyrr það mátti vera“

Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar flutti baráttu-ræðu dagsins á samstöðufundi kvenna sem stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum stóðu fyrir í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík þann 24. október:

Verið öll hjartanlega velkomin.

Við erum hér til að hafa hátt. Við minnumst þess í dag að 24.október 1975, lögðu um 90% íslenskra kvenna niður störf þeim tilgangi að sýna fram á mikilvægi kvenna og krefjast réttinda og launa til jafns á við karla. Það voru verkakonur, verslunarkonur, húsmæður, konur úr öllum stéttum og flokkum, alls staðar af á landinu. Við erum sömuleiðis komin hér í dag til þess að benda á þá staðreynd að 48 árum síðar, erum við enn að berjast fyrir sömu réttindum. Réttindum sem ættu að vera sjálfsögð og fest voru í lög árið 1961. Með lagasetningunni var stefnt að því að fullum launajöfnuði yrði náð árið 1967. „Í auglýsýn er nú frelsið og fyrr það mátti vera“ sungu þær og kjörorð þeirra voru mörg: Konum leiðist þófið. Konan er að vakna. Áfram stelpur, slítum böndin. Konurnar, sem tugþúsundum saman yfirgáfu vinnustaði sína voru ekki einungis að berjast fyrir hærri launum. Þær töluðu fyrir jafnrétti, framþróun, friði og vildu vera raunverulegir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins og hvöttu um leiðstúlkur og konur til að standa saman og gera breytingar, ekki bara hér á landi, heldur um allan heim. Þær gerðu uppreisn og vildu breytingar á ríkjandi samfélagsgerð sem í grunninn var staðnað bændasamfélag með konuna sem þjónandi ambátt heimilisins. Meðalatvinnutekjur íslenskra karla í dag eru um 21% hærri en kvenna og kvára og kannanir sýna að kynbundin launamunur innan fyrirtækja og stofnana er um 9%. Hversu oft fáum við ekki að heyra að þessi launamunur eigi sér eðlilegar skýringar þar sem karlar vinna alla jafna lengri vinnudag og meiri yfirvinnu. Við séum bara ekki nægilega dugleg við að bera okkur sjálf eftir launahækkunum og framgangi í starfi. Svona fullyrðingar standast ekki, því þegar talað er um kynbundin launamunur er átt við þann mun sem er á launum kynjanna sem ekki er hægt að útskýra með ólíkri menntun, aldri, starfsaldri, starfshlutfalli, starfsstétt, yfirvinnu eða vaktaálagi. Launamunurinn verður ekki skýrður á annan hátt en þann að kyn ráði þeim mun. Kynbundinn launamunur í íslensku samfélagi er staðreynd og alvarlegt mein í samfélaginu sem ber að uppræta þegar í stað! Kynbundin launamunur verður ekki til út af engu, hann á sér því miður skýringar og er ein skýrasta birtingarmynd þess að konur og kvár eru ekki metin til jafns við karla í samfélagi okkar. Launamunur er afsprengr þess gildismats sem við höfum verið alin upp við kynslóð eftir kynslóð og beinir okkur strax í bernsku inn á ákveðnar brautir. Hann segir okkur að það sem er kvenlægt sé minna virði en það sem er karllægt, sem aftur skilar sér í því að konur og þær með hefðbundnar kvennastéttir fá lægri laun en karlar. Það gildismat er árpúsunda gamalt. Það er engin tilviljun að



fólk sem starfar við ræstingar, umönnun, menntun barna og þjónustu við sjúka og aldraða skipa láglæna hópa í samfélaginu. Frá því um miðjan sjöunda áratuginn hafa karlavigin fallið eitt af öðru. Fleiri konur sækja orðið í hefðbundin karlastörf s.s. iðngreinar, tæknigreinar og stjórnendastöður og er það vel. Þær eru hvattar til að setja markið hátt og skilja hugtökin „kvennastétt“ og „karlastétt“ eftir í fortíðinni þar sem þau eiga heima. Konur og kvár eru komnar í meirihluta þeirra sem sækja sér háskólamenntun og atvinnuþátttaka þeirra hér á landi hefur farið úr því að vera mjög lítil, upp í það að verða sú mesta innan OECD-ríkjanna, um 75% prósent árið 2021. Við getum sagt að það sé ein birtingarmynd byltingarinnar sem átt hefur sér stað á vinnumarkaði og í samfélaginu síðustu áratugi. Með framþróun og þekkingaröflun hafa störf sem konur unnu áður kauplaust, þróast yfir í háskólamenntaðar stéttir og líklega eru flestir sammála um að í dag viljum við byggja upp samfélag með góðri menntun og bestu fánlegri þekkingu. En þrátt fyrir að atvinnuþátttaka kynjanna sé svipuð — eru það enn konur sem bera langmesta ábyrgð á heimilishaldi og umönnun og taka þar með hina svokölluðu þriðju vakt. Vissulega má greina hugafarsbreytingu hjá ungum karlmönnum í dag sem taka nú virkari þátt í heimilsstörfum en áður þekktist. Baráttan okkar er greinilega að skila árangri sem er góðs viti. Kæru konur og kvár. Við erum hingað komin til að hafa hátt. Við erum hingað komin til að láta vita af að við látum



ekki bjóða okkur neitt minna en jafnt. Við erum hingað komin til að mótmæla launamun og kynbundnu ofbeldi. Við erum hingað komin til að vekja sérstaka athygli á vanmetnu framlagi aðflutts verkafólks sem kemur að því með okkur að halda uppi velferðarsamfélaginu og tekjuöflun þjóðarbúsins. Við erum hingað komin til að benda á að konur af erlendum uppruna eru um 22% allra kvenna á íslenskum vinnumarkaði og við eigum þeim mikið að þakka. Rödd þeirra er lágstemmd í samfélaginu og staða margra innan þeirra raða viðkvæm. Við erum hingað komin til að hafa hátt og það skulum við gera, eins lengi og þurfa þykir. Yfirskrift Kvennaverkfalls í ár: „Kallarðu þetta jafnrétti?“ vísar til þeirra skilaboða sem konur og kynsegin fólk fær gjarnan, að vegna þess hve framarlega Ísland standi í jafnréttismálum á heimsvísu, eigi þau ekki heimtingu á tafarlausum og framsæknum aðgerðum. Því miður hefur orðið dapurlegt bakslag gagnvart réttindum kynsegin og hinsegin fólks að undanfögnu, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Þau upplifa sig órugg í samfélaginu og finnast sem þau standi frammi fyrir takmarkaðri forgangsroðun á borði stjórnvalda. Þau þurfa að fást við gölluð kerfi sem ekki gera ráð fyrir þeim og þau gagnrýna takmarkaðrar og ómarkvissrar stefnumótun ríkisvaldsins í málefnum kynsegin einstaklinga. Kæru konur og kvár. Við erum fjölbreytt flóra. Samstaða er okkur mikilvæg á hvaða hátt sem við upplifum okkur, hvað sem við störfum og eða stöndum í flokkum. Störf okkar eru ekki bara mikilvæg gangverki samfélagsins heldur nauðsynleg. Án okkar virkar það einfaldlega ekki. Við sjáum best hvaða áhrif vera okkar hér í dag hefur á samfélag okkar. Við erum ekkert vara vinnuafli. Samstaða okkar gegn kynjamisrétti hefur skilað okkur áleiðis til jafnréttis. Við höfum áorkað miklu sem hefur aukið lífsgæði okkar á svo mörgum sviðum. Ég nefni hér seinni tíma sigra sem þýddu stórar breytingar í jafnréttismálum hér á landi, eins og breytingar á hegningarlögum frá árinu 2018, þar sem nauðgun er skilgreind í lagalegu tilliti út frá samþykki, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði, lög um þungunarrof frá 2019, sem þýddu aukin völd kvenna yfir eigin líkama að ótalinni #MeToo byltingunni, þar sem hrikti rækilega í stoðum þeim sem svo margir ofbeldismenn hafa treyst á – þ.e. þöggun kynferðisbrota. Sögur brotapolu opnuðu



glugga sem áður voru rammlega luktir aftur með þögninni og þær vörpuðu ljósi á eðli ofbeldis, áreitni og viðvarandi mismunun. #My Too breytti, vonandi til framtíðar, vitund fólks og samfélagsgerðinni allri. Það er óumdeilanlegt að við höfum sótt fram á mörgum sviðum, en því miður er það engin trygging fyrir jöfnum tækifærum kynja framtíðarinnar. Sagan hefur sýnt okkur að ekkert gerist án baráttu og jafnrétti skapast ekki upp úr þurru. Ekki af því okkur langar heldur af því við þorum, getum og viljum berjast fyrir því. Við skulum því ekki biðja með að breyta því sem hægt er að breyta strax og tölum því áfram fyrir jafnrétti framþróun og friði sem ekki veitir af um þessar mundir. Það er ekki bara eðlilegt og sjálfsagt, heldur líka samfélagslega og efnahagslega ábyrgt.

Flutti kvæði eftir frænku sína

Hermína Hreiðarsdóttir formaður Starfsmannafélags Húsa-víkur var meðal þeirra sem komu fram á samstöðfundinum á Húsavík. Hún flutti þrjú ljóð eftir Karitas Mörtudóttur Bjarkadóttur sem voru flutt á Arnarhóli 24. október 2018. Höfundur gaf leyfi fyrir því að þau yrðu flutt á samkomunni á Húsavík. Hægt er að lesa ljóðin inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is. Rétt er að taka tillit til þess að tölulegar upplýsingar sem fram koma í ljóðinu hafa væntanlega tekið breytingum frá árinu 2018 til dagsins í dag.



An extract from Framsýn's vice chairman Ósk Helgadóttir speech

A heartfelt welcome to you all

We are here to be loud. We remember that today, that on October 24th, 1975, 90% of Icelandic women laid down their work to demonstrate the importance women and to demand equal rights and wages as men. It was women from all classes and parties, from all over the country. We are also here today to point out the fact that 48 years later, we are still fighting for the same rights. Rights that should be taken for granted and were put in law in 1961. With the legislation the aim was to achieve full wage equality in the year of 1967.

...

The women, who left their workplaces by tens of thousands, were not only fighting for higher wages. They spoke for equality, progress, peace and wanted to be real participants in all areas of society and at the same time encouraged girls and women to stand together and make changes, not only in this country, but all over the world. They rebelled and wanted changes to the prevailing social structure, which was basically a stagnant peasant society with the woman as a serving servant of the household.

...

The gender pay gap does not arise out of nowhere, it unfortunately has explanations and is one of the clearest manifestations of the fact that women and non-binary people are not valued equally with men in our society. The wage gap is the result of the values we have been raised with generation after generation and directs us right from childhood into certain paths. It tells us that feminine values are worth less than the masculine values, which in turn results in women and thus traditional women's professions being paid less than male. That value is thousands of years old. It is no coincidence that people who work in cleaning, childcare, education of children and services for the sick and elderly make up the lowest paid groups in society. Since the mid-1960s, the men's fortifications have fallen one by one. More women are applying for traditionally male jobs, e.g. trades, technical fields and management positions and that's fine. They are encouraged to aim high and leave the terms "women's professions" and "men's professions" in the past where they belong. Women and non-binary people have become majority of those who seek university education, and their employment rate in this country has gone from being very low to becoming the highest in the OECD countries, around 75% in 2021. We can say that it is one of the manifestations of the revolution that has taken place in the labor market and in society in recent decades. With progress and the acquisition of knowledge, jobs that women used to work without pay have evolved into university-educated professions, and most people probably agree that today we want to build a society with good education and the best available knowledge. But even though the labor force participation of the sexes is similar - it is still women who bear the greatest responsibility for household chores



and care, thereby taking on the so-called third shift. It is certainly possible to detect a change in attitude among young men today, who now take a more active part in household chores than previously known. Our struggle is clearly yielding results, which is positive. Dear women and non-binary people. We are here to be loud. We are here to say that we will not accept anything less than equal. We are here to protest the wage gap and gender-based violence. We have come here to draw special attention to the undervalued contribution of immigrant workers who help us maintain the welfare society and the income generation of the national economy. We have come here to point out that women of foreign origin make up about 22% of all women in the Icelandic labor market, and we owe them a lot. Their voice is low in society and the position of many within their ranks is vulnerable. We have come here to be loud and we will do that, for as long as it takes.

...

Dear women and non-binary people. We are a diverse flora. Solidarity is important to us in whatever way we feel, whatever we work and or wherever we stand politically. Our jobs are not just important to the clockwork of society, they are essential. Without us it simply doesn't work. We can see best what effect our being here today has on our society. We are not a substitute labor force.

...

It is undeniable that we have advanced in many areas, but unfortunately, this is no guarantee of equal opportunities for the sexes of the future. History has shown us that nothing happens without a struggle and equality does not happen out of thin air. Not because we want to, but because we dare, can and want to fight for it. So let's not wait to change what can be changed right away, and therefore continue to advocate for equality, progress and peace, which is much needed at the moment. It is not only natural and self-evident, but also socially and economically responsible.

Myndir frá samstöðufundi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum





Þingiðn – félagspeysur í boði

Félagsmönnum í Þingiðn er velkomið að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og þiggja félagspeysu að gjöf. Koma svo kærur félagar.



Vantar þig póstkassa?

Ef þú vilt fá gefins póstkassa til að nota utanhúss er þér velkomið að koma við eða hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Kassarnir eru úr áli.



Flugsamgöngur til umræðu

Forsvarsmenn Framsýnar hafa undanfarnar vikur og mánuði fundað út og suður með hagsmunaaðilum með það að markmiði að leggja sitt að mörkum, hvað það varðar, að viðhalda flugsamgöngum milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Eins og kunnugt er, eru flestar flugleiðir á Íslandi ríkisstyrktar, það hefur hins vegar ekki átt við um flug til Húsavíkur. Þingeyingar hafa kallað eftir sambærilegum ríkisstyrkjum til Húsavíkur og hefur verið til allra minni áfangastaða á Íslandi. Til stóð að Flugfélagið Ernir hætti flugi til Húsavíkur 1. október. Eftir að Vegagerðin samþykkti að koma með fjárveitingu til tveggja mánaða samþykkti flugfélagið að viðhalda flugi til loka nóvember. Þegar þetta er skrifað er mikil óvissa um hvað verður eftir næstu mánaðamót. Framsýn mun halda áfram að berjast fyrir áframhaldandi flugi til Húsavíkur enda verulega mikill þrýstingur meðal Þingeyinga að áætlunarfluginu verði fram haldið 1. desember. Kallað hefur verið eftir stuðningi frá ríkinu og þá hefur verið skorað á þingmenn kjördæmisins að koma að málinu með beinum hætti. Hvað það varðar átti formaður Framsýnar vinsamlegan fund með þáverandi fjármálaráðherra, Bjarna Benediktssyni um Húsavíkurflugið auk þess að funda með forsvarsmönnum Flugfélagsins Ernir.



Formaður Framsýnar og formaður Sjálfstæðisflokksins funduðu um framtíð áætlunarflugs til Húsavíkur. Bjarni Benediktsson hafði fullan skilning á málinu.



Einar Leifsson fjármálastjóri og Einar Hermannsson sölu- og markaðsstjóri hjá Flugfélaginu Ernir gerðu sér ferð til Húsavíkur á dögunum til að funda með fulltrúum hagsmunasamtaka í Þingeyjarsýslum, þar á meðal Aðalsteini Árna formanni Framsýnar. Umræðuefni, flugsamgöngur milli Húsavíkur og Reykjavíkur.

Framúrskarandi nemendur á Laugum

Framhaldsskólinn á Laugum leitaði til Framsýnar með fyrirlestur um tilgang stéttarfélaga, staðgreiðslu skatta og lífeyrismál. Formaður félagsins, Aðalsteinn Árni, fór á staðinn og messaði yfir áhugasömum nemendum sem stunda nám við þennan frábæra skóla í Reykjadalnum. Nemendurskólanssemkomaviðaað, enda heimavistaraskóli, voru mjög áhugasamir um málefni fundarins en tæplega 40 nemendur hlustuðu á fyrirlesturinn. Eins og áður hefur komið fram eru stéttarfélögin ávallt reiðubúin að koma með fræðslu inn í skóla á félagssvæðinu og vinnustaði. Eitt símtal og við komum í heimsókn.



Skrifað undir samkomulag við Fjallalamb

Fyrir slátturtíðina í haust skrifuðu fulltrúar Framsýnar og Fjallalamb hf. undir sérkjarasamning um kjör og réttindi starfsmanna við sauðfjárlátrun haustið 2023. Samningurinn byggir á samningi aðila sem gildi fyrir slátturtíðina 2022. Um 60 starfsmenn störfuðu við slátrun á vegum fyrirtækisins í haust. Vel gekk að ráða starfsmenn til starfa yfir slátturtíðina. Áætlað var að slátra um 24 þúsund fjár þetta haustið.



Stefán S. Stefánsson fallinn frá



Stefán Sigurður Stefánsson fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Húsavíkur er fallinn frá. Útför hans fór fram frá Lindakirkju í Kópavogi, föstudaginn 6. október. Stefán var formaður Starfsmannafélags Húsavíkur í rúmlega tvo áratugi, hann var mjög virkur í starfi auk þess sem hann var áberandi í starfi BSRB er viðkom kjarabaráttu félagsmanna og annari réttindabaráttu. Hafi hann miklar þakkir fyrir vel unninn störf í þágu félagsmanna. Stjórn félagsins og starfsfólk Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík votta fjölskyldu Stefáns innilegrar samúðar. Blessuð sé minning hans.



Góður fundur með ríkissáttasemjara

Ríkissáttasemjari, Ástráður Haraldsson og samstarfsfólk hans hjá embættinu, þær Bára Hildur Jóhannsdóttir, Aldís Magnúsdóttir og Elísabet S. Ólafsdóttir funduðu með fulltrúum úr stjórn Framsýnar, STH og Verkálýðsfélags Þórshafnar á Fosshótel Húsavík í september. Gestirnir fóru yfir hlutverk og starfsemi embættis ríkissáttasemjara sem hefur á að skipa litlu en öfluggu teymi starfsfólks. Auk þess kölluðu þau eftir helstu áherslum félaganna varðandi kjaramálaumhverfið og komandi samningavetur. Fundurinn var vinsamlegur og góður í alla staði.



Fundað með Íslandsbanka

Forsvarsmenn Íslandsbanka óskuðu eftir fundi með Framsýn um áframhaldandi bankaviðskipti. Að sjálfsögðu urðu félögin við þeirri beiðni. Framsýn og önnur aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna hafa mörg undanfarin ár verið í viðskiptum við Íslandsbanka. Frá bankanum komu Jón Guðni Ómarsson bankastjóri, Una Steinsdóttir framkvæmdastjóri og Margrét Hólm Valsdóttir þáverandi útibústjóri Íslandsbanka á Húsavík. Frá Framsýn tóku þátt í fundinum Aðalsteinn Árni formaður félagsins, Ósk Helgadóttir varaformaður og Elísabet Gunnarsdóttir fjármálastjóri. Þá var formaður Þingiðnar einnig á svæðinu en félagið er meðeigandi með Framsýn í Hrunabúð sem er fasteignafélag í eigu þessara tveggja stéttarféлага. Eins og kunnugt er hefur verið óróleiki í kringum Íslandsbanka vegna þeirra lögbrota sem framin voru við sölu á hlutum ríkisins í bankanum í marsmánuði 2022. Fulltrúar Framsýnar komu sínum skoðunum, varðandi söluna á bréfunum í bankanum, vel á framfæri við gestina frá Íslandsbanka.



Námsstyrkir í boði fyrir félagsmenn



Félagsmenn stéttarfélaganna Framsýnar, Þingiðnar og STH eiga rétt á góðum námsstyrkjum úr þeim starfsmenntasjóðum sem þeir eiga aðild að í gegnum kjarasamninga félaganna. Um er að ræða mjög góða námsstyrki. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Kynning fjölmennningarfulltrúa Norðurþings

Upplýsingar og þjónusta

Frá árinu 2018 hefur starfað fjölmennningarfulltrúi í Norðurþingi sem gegnir því hlutverki að vera tengiliður sveitarfélagsins við nýja íbúa og innflytjendur.

Fjölmennningarfulltrúi Norðurþings ber ábyrgð á málefnum sem snerta nýbúa og innflytjendur í Norðurþingi. Hann annast upplýsingagjöf til nýrra íbúa í gegnum heimasíðu Norðurþings og aðra miðla, gerir kynningarefni fyrir nýja íbúa og sér um tengslamyndun við þann hóp. Hann hvetur til samstarfs á milli þeirra sem koma að málefnum nýrra íbúa og innflytjenda í Norðurþingi og stuðlar að fjölbreyttu og fjölmennningarlegu samfélagi í sveitarfélaginu.

Nele Marie Beitelstein gegnir tímabundið stöðu fjölmennningarfulltrúa Norðurþings.

Ef þú vilt bóka fund með henni til að hjálpa þér við að koma þér fyrir í samfélagi okkar og ræða hugleiðingar sem þú gætir haft varðandi skóla, íþróttir, tómstundir, leyfi, skráningar, félagsþjónustu á vegum sveitarfélagsins o.fl., vinsamlegast hafðu samband við hana í síma eða tölvupósti. Þú getur líka óskað eftir fundi eða einfaldlega komið við á skrifstofu sveitarfélagsins og óskað eftir samtali.

Tengiliðaupplýsingar: nele@nordurthing.is

Síma 464 6113, Símatími mánudaga - föstudaga 8:00 - 14:00. Skrifstofa er í stjórnsýsluhúsi Norðurþings, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík.



Multicultural representative of Norðurþing

Information and services

Since 2018, there has been a multicultural representative in Norðurþing whose role is to be the link between new residents and immigrants and the municipality of Norðurþing.

The multicultural representative of Norðurþing is responsible for the matters of new residents and immigrants in Norðurþing. He takes care of providing information to new residents through the Norðurþing website and other media, makes promotional material for new residents and takes care of building relationships with that group. He encourages cooperation between those

involved in the issues of new residents and immigrants in Norðurþing and promotes a diverse and multicultural society in the municipality.

Nele Marie Beitelstein is temporarily the multicultural representative.

If you would like to book a meeting with her to help you settle into our community and discuss any concerns you may have regarding schools, sports, leisure, licensing, registration, community services etc. please contact her by phone and email. You can also ask for a meeting or simply stop by at the municipality office for direct contact.

Contact Information: nele@nordurthing.is

By phone 464 6113, Telephone hours are Monday - Friday 8:00 - 14:00. The office is located in the administrative building of Norðurþing, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík.

Airfare for private use

Airfares bought from the unions with Eagle air, between Húsavík and Reykjavík, is only available for union members since they are subsidized by the unions. It is forbidden to use the union airfares for non-members.

Union flats for union members

Renting the union flats is for union members only. It is forbidden to sublease them to non union members.

Scholarships available for members



Members of Framsyn, Þingiðnar and STH unions are entitled to good scholarships from the education and training funds through the unions' collective agreements.

These are very good scholarships.

More information is available at the Trade Unions office.

Framsýn kallar eftir betri samgöngum í Þingeyjarsýslum

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar hefur miklar áhyggjur af samgöngumálum í Þingeyjarsýslum og kallar eftir aðgerðum þegar í stað. Félagið ályktaði nýlega um alvarleika málsins.

„Á sama tíma og ákveðnir þingmenn Norðausturkjördæmis tala fyrir styttingu þjóðvegarsins frá Akureyri til Reykjavíkur, fer lítið fyrir áhuga þeirra á að tryggja eðlilegar samgöngur austan Vaðlaheiðar til Akureyrar. Nú er svo komið að brúin yfir Skjálfandafljót við Ófeigsstaði í Kinn, sem verið hefur aðal samgönguæðin til Húsavíkur, Kópaskers, Raufarhafnar, Þórshafnar og nærsveita, þolir ekki frekari þungaumferð og hefur henni verið lokað fyrir umferð stærri ökutækja. Þess í stað hefur þungaflutningur verið beint á einbreiða brú á þjóðvegi 1. við Fosshól, sem einnig er löngu hætt að svara kröfum tímans. Umferð þar um er þung og myndast ítrekað langar raðir ökutækja beggja vegna brúarinnar með tilheyrandi slysaþættu fyrir vegfarendur. Það bætir ekki úr skák að brúin við Ófeigsstaði hefur að mestu verið lokað undanfarið fyrir almennri umferð, þar sem nú standa yfir á henni bráðabirgðaviðgerðir.

Framsýn bendir á að góðar samgöngur innan héraðs og til næstu markaðssvæða er lífæð byggðanna austan Vaðlaheiðar og krefst þess að hlutaðeigandi aðilar, stjórnvöld, vegagerðin og fjárveitingavaldið hysji upp um sig buxurnar og hefji þegar í stað framkvæmdir við byggingu nýrrar brúar yfir Skjálfandafljót við Ófeigsstaði, sem leysa muni núverandi brú af hólmi. Þá verði flýtt framkvæmdum við nýja brú yfir Skjálfandafljót við Fosshól og brúin færð fram á samgönguáætlun m.a. í ljósi áherslna um greiðar og öruggar samgöngur.

Markmið Framsýnar er að vegasamgöngur í Norðausturkjördæmi verði bættar með góðum tengingum við höfuðborgarsvæðið. Framsýn skorar á stjórnvöld og þingmenn kjördæmisins að ganga til liðs við félagið hvað þessa sýn varðar í samgöngumálum, með það að markmiði að efla byggð og atvinnulíf í fjórðungnum.“



Lögreglan kallar eftir samstarfi


Fulltrúar Framsýnar og Þingiðnar áttu í haust fund með lögreglunni á Norðurland eystra er varðar vinnustaðaeftirlit og eftirlit með löglegu vinnuafla á félagssvæði stéttarfélaganna. Lögregluþjónarnir Sigurður og Ólafur Hjörtur funduðu með fulltrúum stéttarfélaganna en þeir koma að landamæraeftirliti er tengist millilandaflugi um flugvöllinn á Akureyri og skipaumferð milli landa til og frá höfnum frá Siglufirði til Þórshafnar á Langanesi. Hvað vinnustaðaeftirlitið varðar hefur lögreglan sérstaklega verið að huga að því, að þeir sem koma hingað til lands í atvinnuleit, séu löglegir í vinnumarkaði auk þess að koma að öðrum verkefnum er lúta að málefnum erlendra aðila á starfssvæði lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fulltrúar stéttarfélaganna gerðu lögreglunni grein fyrir stöðunni á svæðinu hvað vinnustaðaeftirlit varðar og miðluðu upplýsingum til þeirra varðandi brotastarfsemi á svæðinu. Fundurinn var bæði gagnlegur og upplýsandi fyrir báða aðila. Niðurstaða fundarins var að efla samstarf lögreglunnar og stéttarfélaganna á þessu sviði er tengist því að menn starfi löglega á Íslandi. Á meðfylgjandi mynd eru fulltrúar lögreglunnar með formönnum stéttarfélaganna, Þingiðnar og Framsýnar auk Kristjáns Inga sem komið hefur að vinnustaðaeftirliti fyrir stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum.




Mieszkania dla naszych członków

Przypominamy, że mieszkania związkowe przeznaczone są wyłącznie do wynajmu przez członków związków zawodowych i ich rodzin. Stanowczo zabronione jest wynajmowanie je osobom trzecim.

*Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum
óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*





**Gjöf sem hittir
alltaf í mark**